

Á VÍKINGASLÓÐ

FALKASKÁTA
MÓT 2025



Víkingasjálfsmynd

Nafn: _____

Félag: _____

Ætt: _____

Mótsstjórn



Mótsstjóri: Thelma Karen
Kvaran Bjarnfinnsdóttir



Sjálfbóðaliðastjóri: Bengta
Kristín Methúsalemsdóttir



Dagskrárstjóri: Erla Sóley
Skúladóttir



Kynningamálastjóri: Salka
Guðmundsdóttir

Mótstjórn



Tæknistjóri: Þóranna Ýr
Guðgeirsdóttir



Tjaldbúðastjóri: Sædís Erla
Erlendsdóttir



Táknræn umgjörð: Pjetur
Már Hjaltason

Mótsreglur

1. Skáталögin eru lög mótsins.

2. Mótsgestum ber að vera á mótssvæðinu meðan á móti stendur, nema ef um skipulagða dagskrá á vegum mótsins er að ræða. Sérstaka heimild mótsstjórnar þarf til að yfirgefa mótssvæðið.

3. Alger kyrrð skal ríkja á mótssvæðinu að lokinni dagskrá hvers dags. Allir skulu komnir til sinnar tjaldbúðar hálfri klukkustund áður en kyrrð gengur í gildi.

4. Neysla áfengis eða vímuefna og reykingar eru með öllu óheimil á mótssvæðinu og varðar brottrekstri án undantekninga.

5. Frá mótssetningu til mótsslita skulu allir að lágmarki bera skátaklút.

6. Eld má ekki kveikja nema í þar til gerðum eldstæðum.

7. Umferð farartækja um mótssvæðið er óheimil nema með leyfi mótsstjórnar.

8. Allir mótsgestir eru bundnir af reglum mótsins frá því þeir koma á mótssvæðið og þar til þeir yfirgefa það að móti loknu.

9. Það er á ábyrgð fararstjóra að sjá til þess að reglur þessar séu haldnar og að mótsgestir fari í einu og öllu eftir fyrirmælum mótsstjórnar.

Skátalögin og skátaheiti

Skátalögin

1. Skáti er hjálpsamur
2. Skáti er glaðvær
3. Skáti er traustur
4. Skáti er náttúruvinur
5. Skáti er tillitssamur
6. Skáti er heiðarlegur
7. Skáti er samvinnufús
8. Skáti er nýttinn
9. Skáti er réttsýnn
10. Skáti er sjálfstæður

Skátaheitið

Ég lofa að gera það sem í mínu valdi
stendur til þess;
að gera skyldu mína við guð/samvisku og
ættjörðina/samfélag,
að hjálpa öðrum
og að halda skátalögin.

Dagskrá



Fornleifaskólinn

Mæting við klósetthúsið og farið þaðan



Samfélagsverkefni

Mæting hjá leikjastöðinni og farið þaðan



Víkingahandverkssmiðja

Staðsetning : Stórt tjald við klósetthús



Ganga að Þingvallavatni

Staðsetning : Mæting á bílastæðið hinumegin við götuna og gengið þaðan

Opin dagskrá



Handverksstöð/föndurtjald

Staðsetning : Stórt tjald við klósetthús



Leikjastöð

Staðsetning : Á grasflötinni fyrir utan
tjaldbúð Oddverja



Semja skemmtiatriði

Hver flokkur semur eitt atriði til að
flytja á seinna ættarþinginu



Refaleit

Mæting við bílastæðið hinumegin við
vegin og gengið þaðan



Á dýr	Elskar ís	Sefur í sokkum	Fór á landsmót 2024	Er örvhentur
Kann að hníta vinahnút	Borðar ananas á pizzu	Hefur prófað að prjóna	Spilar á hljóðfæri	Er grænmeti sæta
Á erlendan skátaklút	Hefur ferðast með lest		Æfir badminton	Er steingeit
Er með gleraugu	Hefur farið á kajak	Hefur búið í útlöndum	Er með göt í eyrunum	Er rauð-hærður
Á bláan tannbursta	Talar 3 tungumál	Er með græn augu	Kann að fara í heljarstökk	Á páfagauk

Dagskrá

	Fimmtudagur	Föstudagur
8:00 - 9:00		Ræs og morgunmatur
9:00 - 9:30		Tjaldbúðarskoðun
9:30 - 11:30		Dagskrárbil 1
11:30 - 13:30		Hádegismatur
13:30 - 15:30		Dagskrárbil 2
15:30 - 16:30	Mæting	Kaffitími
16:30 - 18:00	Tjaldbúðarvinna	Opin dagskrá og frjáls tími
18:00 - 20:00	Kvöldmatur	Kvöldmatur
20:00 - 21:00	Setning	Ættarþing
21:00 - 22:00	Næturleikur	Fangaðu fánann
22:00 - 23:00	Kvöldkaffi og undirbúningur fyrir svefninn	Kvöldkaffi og undirbúningur fyrir svefninn
23:00	Kyrrð	Kyrrð

Laugardagur	Sunnudagur
Ræs og morgunmatur	Ræs og morgunmatur
Tjaldbúðarskoðun	Tjaldbúðarskoðun
Dagskrárbil 3	Frágangur
Hádegismatur	Hádegismatur
Dagskrárbil 4	Menningarvaka / Slit
Kaffitími	Heimför
Opin dagskrá og frjáls tími	
Kvöldmatur	
Ættarþing	
DISKÓ BLÓT	
Kvöldkaffi og undirbúningur fyrir svefninn	
Kyrrð	

Matseðill mótsins

Morgunmatur, kaffitími og kvöldkaffi
er eins alla dagana

Morgunmatur: Hafragrautur

Kaffitími: Ávextir

Kvöldkaffi: Kex og kakó

Fimmtudagur

Grillaðar samlokur og grænmeti

Föstudagur

Hádegismatur: Tómat-pylsupasta

Kvöldmatur: Kjötsúpa/grænmetissúpa

Við mælum með að byrja á súpunni í frjálsa tímaum og láta hana malla!

Laugardagur

Hádegismatur: Pítur

Kvöldmatur: Hamborgarar

Sunnudagur

Hádegismatur: Sjálfboðaliðar elda pulsir

Mæting við matartjald sjálfboðaliða.

Íslensk kjötsúpa

Fyrir 10

2,5 kg lambasúpukjöt
1.25 g gulrætur
2,5 kg rófur
5 stk. laukar
20 msk. súpujurtir
Salt og pipar eftir smakk
2,5 msk. hrísgrjón
1 kg kartöflur
10 stk. grænmetisteningar

Aðferð

1. Skera kjötið niður í bita, fituhreinsa eftir smekk og setja kjötið í pott.
2. Hella köldu vatni yfir og láta suðuna koma upp. Fleyta froðunni ofan af (endurtaka til að losna við mest allt af froðunni).
3. Skera grænmeti niður í bitastærð eftir smekk.
4. Setja öll hráefni saman í pott og sjóða í 60 mínútur frá því að kjötið fór í pottinn.

Við gerð grænmetissúpunnar þarf eingöngu að sleppa kjötinu - restin er eins.

Tómat-pylsupasta

Fyrir 10

3 pakkar af pylsum

5 hvítlauksrif

3 laukar

7,5 dl Hunt's tómatsósa

750 kg Rapunzel pastaskrúfur

500 gr rifinn ostur

Aðferð

1. Sjóðið pastað eftir leiðbeiningum á pakka.

2. Skerið pylsurnar í bita. Hitið stóra pönnu og steikið lauk og hvítlauk og bætið pylsum úti.

3. Hellið tómatsósu og soðnu pasta út í. Smakkið til.

4. Setjið svo rifinn ost yfir og látið hann bráðna út í pastað.

Hafragrautsklattar - uppskrift

Ef þið eigið afgangs
hafragraut úr morgunmat er
tilvalið að bæta út í hveiti,
sykri og vatni (eftir þörfum)
þar til það verður að þykku
deigi.

Úr því er síðan hægt að gera
gómsæta klatta fyrir
kaffitímenn með því að
steikja deigið á pönnu :D

Við mælum með að strá sykri
yfir í lokin!

Skoffín



Vinnið ykkur inn Skoffín
límmiðann með því að ná
öllum verkefnum

Skoffín verkefni



Prófa eitthvað nýtt



Kynnast skáta úr öðru félagi



Kúka í klósett



Hjálpa til í eldhúsinu



Gista í 2 nætur í tjaldi



Dýfa tásum í
Þingvallavatn



Búa til skemmtiatriði



Gera vinaarmband fyrir
leynivín í öðru félagi



Læra nýtt skáatalag



Taka þátt í opinni
dagskrá




Vera í sitthvorum
sokknum



Læra að hnýta vinahnút

FÁLKASKÁTMÓT



2025